

Samtaka um framtíðarlausnir

Formennska Danmerkur 2020



Norræna
ráðherranefndin

Samtaka um framtíðarlausnir

Formennskuáætlun Danmerkur í Norrænu ráðherranefndinni 2020

PolitikNord: 2019:744

ISBN 978-92-893-6310-5 (PRINT)

ISBN 978-92-893-6311-2 (PDF)

ISBN 978-92-893-6312-9 (EPUB)

<http://doi.org/10.6027/PN2019-744>

© Norræna ráðherranefndin 2019

Umbrot: Mette Agger Tang

Kápumynd: Scanpix.dk

Prentun: Rosendahls

Printed in Denmark



Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflid í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 København

www.norden.org

Hlaða niður og panta norræn rit: www.norden.org/nordpub.

Formennskuáætlun Danmerkur í Norrænu ráðherranefndinni 2020

Efnisyfirlit

- 04 Formáli
- 07 Formennskuáætlun
- 09 Græn Norðurlönd
- 10 Samkeppnishæf Norðurlönd
- 12 Félagslega sjálfbær Norðurlönd



Mogens Jensen

Ráðherra norrænnar samvinnu,
Danmörku



Kaj Leo Holm Johannesen

Ráðherra norrænnar samvinnu,
Færeyjum



Vittus Qujaukitsoq

Ráðherra norrænnar samvinnu,
Grænlandi

Formáli

Danska konungsríkið er viðáttumikið. Innan marka þess teygja Norðurlönd sig lengst til norðurs, suðurs og vesturs. Norðurlönd og sameiginleg gildi þeirra eru að sjálfsögðu mikilvægur hluti af sjálfsmynd okkar.

Á sameiginlegu formennskuári Danmerkur, Færeyja og Grænlands hyggjumst við efla þau Norðurlönd sem eru okkur svo kær. Við ætlum að gera þá nýju framtíðarsýn að veruleika að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Það skiptir máli fyrir okkur, fyrir Norðurlönd og fyrir allan heim að löndin standi sterk saman, einnig í framtíðinni. Heima fyrir og út á við.

Váleg þróun í loftslagsmálum er eitt stærsta viðfangsefnið sem við stöndum frammi fyrir. Aðgerða er þörf og Norðurlönd verða að taka forystuna. Sú sérfræðiþekking sem við búum yfir í loftslagsmálum skuldbindur okkur til að vísa veginn fram á við. Við þurfum að byggja áfram á þeirri þekkingu og með dæmum um snjallar lausnir sem gefa einnig kost á sjálfbærri efnahagsþróun viljum við hvetja önnur lönd til að fylgja á eftir.

Við þurfum að tryggja að Norðurlönd verði áfram einn besti og sjálfbærasti staður í heimi að fæðast á. Samfélagsgerð okkar er sterk og sameiginleg gildi landanna traust. Norðurlönd tróna iðulega efst á listum yfir hamingusömustu þjóðir heims, minnsta spillingu og mest lífsgæði. Við erum mjög meðvituð um stöðuna í umhverfis- og loftslagsmálum og gildi náttúruverndar, og jafnrétti, nýsköpunarkraftur og velmegun er ríkjandi.

Eigi Norðurlönd að vera áfram leiðandi í þessum efnum verðum við að horfa fram á við og takast á við þau viðfangsefni sem við okkur blasa. Það gerum við best með því að vinna saman. Þess vegna er yfirskrift sameiginlegrar formennskuætlunar okkar *Samtaka um framtíðarlausnir*.



Formennskuáætlun

Danmörk verður á formennskuárinu fyrsta landið til að innleiða nýja framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um að „Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims“.

Framtíðarsýnin kveður á um metnað sem leggja á í norrænt samstarf og tiltekur þrjú stefnumarkandi forgangssvið í skýrri stefnu komandi ára um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Ný framtíðarsýn og stefnumarkandi áherslur Norrænu ráðherranefndarinnar fela meðal annars í sér að samstarfið verði hnitmiðaðra svo beina megi kröftum og fjármunum að aðgerðasviðum sem skipta mestu máli. Starf Norrænu

ráðherranefndarinnar þarf jafnframt að verða árangursmiðaðra og nytsemi þess þarf að vera greinilegri gagnvart almenningi, fyrirtækjum og yfirvöldum. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru leiðarljós í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar og þau verða einnig miðlæg á formennskuári Danmerkur.

Á næstu síðum verður greint frá fyrirhuguðum þverlægum forgangssviðum á formennskuári Danmerkur 2020 út frá fyrrnefndum þremur stefnumótandi áherslusviðum. Auk umræddra forgangssviða verður einnig gripið til aðgerða á ýmsum öðrum samstarfssviðum á formennskuárinu.



MYND: MARTIN SCHJØTZ



MYND: SCANPIX.DK

Græn Norðurlönd

Norðurlöndin eru öll framarlega í umhverfismálum, hvert á sinn hátt. Sameiginlegur raforkumarkaður landanna er gott dæmi um hvernig hægt er að eiga dýrmætt samstarf sem greiðir fyrir hreinni orku. Grænni dagskrá verður haldið áfram á formennskuárinu og unnið að því að efla norrænt samstarf um umhverfis- og loftslagsmál og náttúruvernd. Meðal annars verður samstarf um grænt hringrásarkerfi eftt og þróað enn frekar svo og sameiginlegur boðskapur Norðurlandanna í loftslagsmálum. Leiðtogafundur SP um líffræðilega fjölbreytni sem haldinn verður í Kunming í Kína mun skipta sköpum þar sem samþykkt verða ný heimsmarkmið um náttúruvernd.

Norðurlönd eru forystusvæði í umhverfismálum. Það er skylda þeirra og hagur að vera fyrirmynd landa í öðrum heimshlutum og aðstoða þau við að draga úr álagi á umhverfið, náttúruna og andrúmsloftið, meðal annars með því að hlúa að líffræðilegri fjölbreytni. Þess vegna ber að setja í forgang miðlun norrænna lausna á sviði loftslags- og umhverfismála. Starf Norrænu ráðherranefndarinnar á að miðast í auknum mæli að því að styðja við aðgerðir landanna á sviði sjálfbærrar þróunar og finna nýjar umhverfis- og loftslagslausnir. Á þann hátt verða löndin betur í stakk búin til að bregðast hratt við og ná árangri á sviði sem er hornsteinn

vörumerkis Norðurlanda um allan heim. Ný framtíðarsýn og stefnumótandi úttektir sem gerðar voru á samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál árið 2018 og orkumálasamstarfinu árið 2017 eru góður grundvöllur fyrir metnaðarfullar aðgerðir. Hvað varðar plast og annað rusl í höfunum eru Norðurlöndin metnaðargjörn fyrir hönd heimsbyggðarinnar allrar. Löndin munu beita sér fyrir gerð hnattræns samnings um að draga úr plasti fyrir 5. umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna (UNEA5) í febrúar 2021.

Í því felst meðal annars að vinna áfram að þróun norræns raforkumarkaðar, að leita leiða til að vinna eldsneyti úr grænni umframorku, efla græn umskipti í atvinnulífinu, vinna áfram með Helsinkiyfirlýsinguna um kolefnishlutleysi, fylgja eftir leiðtogafundi framkvæmdastjóra SP um loftslagsmál sem fram fer í september 2019, leggja aukna áherslu á sjálfbærar samgöngur, tryggja metnaðarfullar samnorrænar aðgerðir á leiðtogafundinum um líffræðilega fjölbreytni og á umhverfisþingi SP og jafnframt að ýta úr vör norrænu samstarfsverkefni um umhverfisvanda af völdum umferðar skemmtiferðaskipa. Ráðist verður í formennskuverkefni til þriggja ára þar sem Færeyjar verða tilraunaver fyrir orkulausnir á afskekktum svæðum í framtíðinni.

Samkeppnishæf Norðurlönd

Grænn hagvöxtur sem byggist á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu á Norðurlöndum skipar mikilvægan sess í framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar.

Umskipti úr línulegri heimsskipan í hringrásarheimsskipan eru mikilvægur drifkraftur græns hagvaxtar í þeim tilgangi að framfylgja Parísarsamkomulaginu¹ í loftslagsmálum og ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sóknarfæri loftslagsvænna hringrásarlausna aukast stöðugt á alþjóðamörkuðum. Hagkerfi Norðurlandanna fjalla mikið um umskipti til hringrásarlausna og umheimurinn hefur áttað sig á sérstöðu norrænna tæknilausna og sjálfbærra viðskiptalíkana.

Norðurlönd eiga að vera án stjórnsýsluhindrana alveg út á ystu nes

og jafnframt að vera einn stór innri markaður fyrir almenning og atvinnulífið. Sambærileg samfélagsgerð, mikil viðskipti og sameiginleg saga, menning og tungumálasamfélag gera Norðurlönd að hentugum vettvangi til að þróa samfélög og stefnur og gera löndunum kleift að viðhalda miklum hagvexti og standa vörð um samkeppnishæfni landanna. Sameiginlegar rannsóknir, nýsköpun og fjárfestingar eru forsendur fyrir því að þetta takist.

Stafræn umskipti eru lykillinn að aukinni samkeppnishæfni og skapa ný tækifæri til samþættingar á Norðurlöndum. Þetta kemur best fram í verkefninu Nordic Smart Government en því er ætlað að létta undir með litlum og meðalstórum fyrirtækjum, einkum við skýrslugjöf til yfirvalda en einnig að skapa ný viðskiptatækifæri og hagvöxt með því að



MYND: MARTIN SCHIØTZ



MYND: SCANPIX.DK

bjóða upp á efnahagstölur í rauntíma. En stafræn umskipti gefa einnig von og væntingar um að margar hefðbundnar stjórnsýsluhindranir verði úr sögunni. Fyrir vikið verði hægt að lyfta starfinu að afnámi stjórnsýsluhindrana á nýtt stig þegar rafrænar sjálfsafgreiðslulausnir hins opinbera verða í boði fyrir almenning og fyrirtæki á hinum Norðurlöndunum.

Norðurlönd eru öflugt vörumerki um allan heim sem getur greitt fyrir útflutningi norrænna fyrirtækja. Ferðafólk sækir í auknum mæli til Norðurlanda þar sem fjölbreytt náttúrufergurð, saga, menning og ævintýri en einnig nútímalegar og sjálfbærar borgir laða gesti að. Langflestir ferðamenn sem hingað koma staldra við í fleiri en einu landi enda lítur sá markhópur á Norðurlönd sem einn áfangastað. Í þessu felast tækifæri til samstarfs um sameiginlegar aðgerðir samkvæmt framkvæmdaáætlun um ferðaþjónustu fyrir tímabilið 2019–2023, ekki síst um sjálfbæra ferðaþjónustu en einnig öfluga markaðssetningu á Norðurlöndum sem áfangastað ferðamanna á útvöldum fjarlægum mörkuðum.

Meðal annars verður grænn hagvöxtur eflur á Norðurlöndum með því að stefna hærra í norrænu samstarfi um hringrásarhagkerfi. Hreyfanleiki verður einnig tekinn fyrir á formennskuárinu.

Á vinnumálasviði verður fjallað um nýtt vinnufyrirkomulag og hvernig tryggja megi norrænan vinnumarkað til framtíðar. Sú vinna mun mynda meginrammann um samstarfið en einnig verður verkefninu um atvinnulíf framtíðarinnar lokið. Norrænu samstarfi verður beint að aðgerðum sem veita aðgang að rafrænum sjálfsafgreiðslulausnum milli landanna, einkum þegar þær skipta sköpum fyrir hreyfanleika og samþættingu á Norðurlöndum. Að auki verður verkefninu Nordic Smart Government haldið áfram. Á formennskuárinu verður einnig unnið með gervigreind, samstarf um byggðastefnu eftl með nýrri samstarfsáætlun og vinnunni að sjálfbærum borgum haldið áfram.

Þá verður leitast við að gera samgöngur umhverfisvænni, stafrænni og samkeppnishæfari. Ráðist verður í formennskuverkefni þar sem tekið verður mið af Grænlandi og rannsökuð sjálfbærni og verðmætasköpun í sjávarútvegi í strandsamfélögum framtíðarinnar. Einkum verður fjallað um lýðfræðilegar áskoranir, ábyrga auðlindastjórnun og hafið sem öruggan vinnustað.

Aths. 1: Konungsríkið Danmörk að því er varðar Grænland gerði fyrirvara fyrir hönd sjálfstjórnarinnar við Parísarsamkomulagið.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Norræn samheldni gæti virst á undanhaldi þegar fjarlægðir skipta minna máli en áður. Nú er orðið auðvelt og ódýrt að ferðast um langan veg, flest norræn ungumenni eru færari í ensku en öðrum Norðurlandamálum og Internetið hefur fært alla heimsbyggðina nær næstum öllu ungu fólki á Norðurlöndum. Það sem á að þjappa okkur saman er vitundin um sameiginleg gildi, nytsemi samstarfsins, mikilvægi þess að jafnvægisamfélög byggist á trausti, lýðræði, félagsstarfi, jafnræði, framtíðartækifærum fyrir alla og að öflug kynslóð ungs fólks sé reiðubúin að finna í sameiningu nýjar lausnir á áskorunum framtíðarinnar.

Á sviði menntunar og menningar eru kjörin tækifæri til að tryggja breiðan stuðning almennings við norrænt samstarf og gefa einkum nýjum kynslóðum tækifæri til að kynnst

og tengjast vináttuböndum. Þar má nefna ýmsar mannaskiptaáætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar og vinsæl ungmennaverkefni sem gegna stóru hlutverki. Mikilvægir þættir í norrænu samstarfi eru að efla rödd barna og ungmennta á Norðurlöndum, hreyfanleika, æskulýðssamstarf, geðheilsu og þekkingu á Norðurlandamálunum.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd fela einnig í sér að allir njóti góðs af samstarfinu, ungir sem aldnir, óháð ólíkum forsendum þeirra. Friðsamleg lýðræðissamfélög þar sem allir íbúar búa við öryggi eiga að greiða fyrir þeirri þróun.

Í því felst meðal annars að á formennskuárinu verður fjallað um möguleika á staðbundnum sjálfbærum hagvexti hvarvetna á Norðurlöndum,



MYND: ANNISOF ROSENKVIST / VISITSWEDEN.SE



MYND: CARSTEN EGEVANG

stutt við mannaskiptaáætlanir á Norðurlöndum, samin norræn áætlun um nám og færni í framtíðinni, sköpuð ný samnorræn þekking um málefni hinsegin fólks, hafin vinna að innviðalausnum á framtíðaráskorunum í heilbrigðiskerfinu, einkum nærþjónustu í heilbrigðiskerfinu, fagnað aldarfjórðungsafmæli Pekingsáttmála SP um jafnrétti og kvenréttindi og norrænt lögreglusamstarf styrkt enn frekar.

Þverfaglegu formennskuverkefni verður ýtt úr vör í því skyni að virkja ungar konur og karla á Norðurlöndum í sjálfbært félagsstarf sem kyndir undir lýðræðislega borgaravitund, menningarþátttöku og andlega vellíðan unga fólksins. Í því felst að auka þekkingu og færni fagfólks sem vinnur með ungu fólki en einnig að skapa svigrúm innan veggja skólans og utan til að efla sjálfbært félagsstarf ungs

fólks. Með sjálfbæru félagsstarfi er átt við félagsstarf án aðgreiningar sem hefur alla burði til að lifa áfram eftir að verkefninu lýkur árið 2023. Verkefnið snýst meðal annars um að semja og prófa námsgögn ætluð börnum og ungmennum um lýðræðislega þátttöku og efna til samtals norrænna ungmenna á fundum unga fólksins eða svipuðum viðburðum sem ungmennin skipuleggja sjálf í þeim tilgangi að skapa svigrúm fyrir lýðræðislegt samtal og efla lýðræðislega borgaravitund og menningarþátttöku unga fólksins. Verkefnið á einnig að auka andlega vellíðan ungmenna á Norðurlöndum með því að styrkja félagsstarf þvert á landamæri Norðurlandanna og þetta samstarf milli heilbrigðis- og félagsþjónustu. Verkefnið byggist á þverlægu samstarfi milli sviða menntunar, félagsmála, jafnréttis, menningar og heilbrigðismála.





Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 København
www.norden.org

